



## Fundargerð

### 5. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, fimmtudaginn 7. febrúar 2019 kl. 08:00. Fundinn sátu Þorbjörg Sandholt formaður, Berglind Elva Gunnlaugsdóttir, Hafliði Sævarsson, Sigurjón Stefánsson og Bergþóra Birgisdóttir. Einnig sat fundinn Greta Mjöll Samúelsdóttir atvinnu- og menningarmálafulltrúi. Þorbjörg stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Opinn fundur um ferðaþjónustu
2. Utandagskrá Hammondhátíðar
3. Atvinnu-menningar fulltrúi
4. Önnur mál

---

#### 1. Opinn fundur um ferðaþjónustu

Rætt var um skipulag á opnum fundi um ferðamál sem fyrirhugaður er 16.mars. Gretu falið að vinna málið frekar og auglýsa fundinn.

#### 2. Utandagskrá Hammondhátíðar

Ræddar voru hugmyndir að utandagskrá á Hammond dögum. Atvinnu-og menningarmála fulltrúa falið að vinna málið frekar.

#### 3. Atvinnu- og menningarmálafulltrúi

Greta Mjöll atvinnu- og menningarmálafulltrúi gerði grein fyrir málum sem hún hefur unnið að á s.l. vikum m.a. að koma á fót pokastöð þar sem hægt er að nálgast fjölnotapoka, verkefnið verður kynnt fljótlega.

#### 4. Önnur mál

Rætt um eflingu eldri borgara, Gretu falið að vinna málið frekar og í samstafi við eldri borgara. Einnig var rætt um dagskrá vegna 430 ára verslunarafmæli í sumar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 09:50

Greta Mjöll var fundarritari